

13. fundur 7. október.

Allir aðalmenn mættir.

1. Aðalskipulagstillaga fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp.
Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 skv. 18. grein skipulags og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, ásamt umhverfisskýrslu skv. 4. málsgrein 7. greinar laga um umhverfismál áætlana nr. 105/2006.
Jafnframt felur hreppsnefnd skipulags- og byggingafulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar skv. 2. málsgrein 17. greinar skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og gera nauðsynlegar lagfæringar á tillögunni fyrir auglýsingu, komi fram athugasemdir við form eða efni tillögunnar frá Skipulagsstofnun.
Tillagan samþykkt.
Loks er Skipulags- og byggingafulltrúa falið að óska eftir greiðsluþátttöku úr Skipulagssjóði, allt að 50%, til samræmis við þá kostnaðar- og verkstöðu sem skipulagið er í.
2. Samningur um þjónustusvæði fatlaðra á Vesturlandi. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar. Samþykkt.
4. Aðstoð við nemanda. Samþykkt.
5. Heimiliseldhús að Breiðabliki. Samþykkt að klára málið.
6. Stóri Krókur. Samþykkt að greiða fyrir rotþró og slöngukefli.
7. Kostnaðaráætlun leiksvæðis í Laugargerðisskóla.
Samþykkt að setja upp skjólvegg frá sparkvelli að skóla.
8. Erindi Ingunnar Albertsdóttur vegna Múlavirkjunar.
Oddvita falið að kynna erindið í Skipulagsstofnun og fá álit á málinu.
9. Önnur mál:
Viðbótarkostnaður við verknámshús FVA, 14.717 kr. Samþykkt að greiða hann.

Tilboð vegna borunar á hitastigulsholum. Samþykkt að taka hagstæðasta tilboði í 4 hitastigulsholum á Eiðhúsum.

Samþykkt að nettengja Breiðablik.